

REGLUGERÐ

99
17. júlí

um breytingu á reglugerð nr. 124 12. okt. 1954, um breytingu á reglugerð nr. 165 21. júlí 1952, um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skylt er að hafa gjaldmæli í öllum allt að 7 farþega leigubifreiðum, sem aka fólki gegn borgun, og sendibifreiðum, sem aka gegn borgun, á þeim stöðum á landinu, sem hentugt þykir, að dómi samgöngumálaráðuneytisins.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 32. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941, sbr. l. nr. 37 4. apríl 1956, um breyting á þeim lögum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 17. júlí 1956.

Kristinn Guðmundsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

100
17. júlí

fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, um fjallskil o. fl.

I. KAFLI

Um fjárrekstra á afréttir og notkun fjallanda.

1. gr.

Hreppsúar í þeim sveitum, þar sem nægileg afréttarlönd eru, skulu, ef þeir að áliti hreppsnefndar ekki eiga nægilegt fjallland fyrir sjálfa sig, skyldir að reka í miðja afrétt að vorinu allt sauðfé sitt. Nú eru engin slík afréttarlönd til, heldur aðeins heimalönd og búfjárhagar. Getur þá hreppsnefnd annast um, ef ekki fást upprekstrarlönd í öðrum hreppum, að fénu sé jafnað niður á þær jarðir, sem að dómi ítölunefndar eða hreppsnefndar eru ekki fullsetnar og með samkomulagi við umráðamenn viðkomandi jarða. Skulu sveitarmenn skyldir að nota slíkan upprekstur eftir tilvísan hreppsnefndar eða ítölunefndar, svo framarlega sem upprekstrartollurinn fer ekki fram úr því, sem ákveðið er hér á eftir. Þar sem fjáreigendur Stykkishólms eru í fjallskila- og réttarfélagi við Helgafellssveit, ber fjáreigendum Stykkishólms upprekstur í Helgafellssveit fyrir það upprekstrargjald, sem fjallskilareglugerðin ákveður eftir samkomulagi hreppsnefndar eða ákvörðun ítölunefndar.

2. gr.

Nú þykir einhverjum búendum eða jarðeigendum nauðsyn til bera, að ákveðið sé með ítölu, hve margt fé megi vera í heimalöndum eða fjallöndum, og er þeim þá heimilt að krefjast ítölumats samkvæmt gildandi lögum um ítölu.